Kópavogur 18. janúar 2021

Umsögn um Mál nr. 3/2021

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Drög að stefnu um félags- og tómstundastarf barna og ungmenna 2020-2030

Æskan Barnahreyfing fagnar þessum drögum að stefnu um félags- og tómstundastarf barna og ungmenna 2020 – 2030. Okkar starf hefur byggt upp góð gildi hjá þátttakendum í gegnum tíðina.

Æskan Barnahreyfing vill minna á mikilvægi þess að í stefnunni þarf að koma fram að allur vettvangur þar sem börn og ungmenni eru á að vera laus við áfengi og önnur vímuefni. Það á við um; neyslu, hvatningu til neyslu, auglýsingar og markaðssetningu, kostendur, húsnæði, starfsfólk, sjálfboðaliða og fyrirmyndir.

Æskan Barnahreyfing leggur áherslu á að stefnan innifeli fjölbreytt tilboð úr öllum áttum samfélagsins. Það getur þýtt að draga þarf fram tilboð sem finnast þó þau séu ekki algeng.

Mikilvægt er að stjórnvöld og samfélagið viðurkenni mikilvægi félags og tómstundastarfs. Sterk stefna byggir undir þá viðurkenningu.

Tryggja þarf fjölbreytt tilboð sem þýðir að tryggja þarf fjármagn í starfsemi frjálsra félagasamtaka sem hafa takmarkaða möguleika á utanaðkomandi styrkjum.

Mikilvægt er að auka samstarf þeirra sem vinna með börnum og passa að óviðeigandi áhrif komist ekki að þeim. Hér nefnum við sérstaklega áfengisiðnaðinn sem er vágestur í lífi barna.

Hvað varðar hæfi þeirra sem vinna með börnin er mikilvægt að tryggja öryggi barnanna umfram allt. Námskeið og endurmenntun eru mikilvæg s.s. Blátt áfram, Verndum börnin, skyndihjálp ofl.

Rannsóknir eru mikilvægar fyrir okkar starf til að marka stefnuna hverju sinni en mega ekki ganga svo mikið á fjármuni rekstursins að hann leggist af.